



Efni: Samstarf og samnýting fjarskiptainnviða með sérstaka áherslu á uppbyggingu 5G

Vegagerðin þakkar gott framtak til samráð um mikilvægt málefni. Hér á eftir eru svör við þeim liðum í samráðsskjalinu sem Vegagerðin telur þörf á að koma sjónarmiðum að.

2. Almenn t yfirlit um óvirka (passive) fjarskiptainnviði

2.1. Spurning: Telja hagsmunaaðilar að upptalning helstu flokka óvirkra fjarskiptainnviða markaðsaðila sé rétt? Ef svo er ekki, hvað má bæta?

Vegagerðin: Athugandi hvort sérstaklega ætti að tilgreina lagnaleiðir sem liggja um samgöngumannvirki, t.d. brýr og jarðgöng. Í framtíðinni má einnig gera ráð fyrir aukinni aðsókn í nýtingu veghelgunarsvæða sem lagaleiða m.a. vegna umhverfis og náttúruverndarsjónarmiða.

2.2. Spurning: Telja hagsmunaaðilar að GAF gæti nýst þeim til að kortleggja möguleg samlegðarverkefni við uppbyggingu á fjarskiptainnviðum?

Vegagerðin: Telja verður að gagnagrunnur með upplýsingum um fjarskiptainnviði sé líklegur til að bæði hvetja til og styðja við samstarf við uppbyggingu þessara innviða

2.3. Spurning: Telja hagsmunaaðilar að það væri ákjósanlegt að þeir hefðu í framtíðinni skilyrtan aðgang að GAF?

Vegagerðin: Aðgangur hagsmunaaðila að GAF grunninum er væntanlega forsendan fyrir því að grunnurinn skili tilætluðum árangri. Athugandi hvort þar ætti að vera bæði aðgangur til að fletta upp upplýsingum en einnig skrá og viðhalda upplýsingum þar sem það á við.

3. Sjónarmið varðandi framtíðarstefnumótun

Vegagerðin: Ekki skýrt hver sé tilgangur með vangaveltum um lagningu ljósleiðaraheimtauga á þessu samhengi

3.1. Spurning: Eru fleiri atriði, að mati hagsmunaaðila, sem horfa þarf til við stefnumótun og úttekt um innleiðingu 5G kerfa hvað varðar samstarf og samnýtingu?

Vegagerðin: Ljóst er að ökutæki munu með innleiðingu 5G tækninnar í auknu mæli nýta nettengingar m.a. til að auka öryggi í akstri og siglingum. Óháð stefnu yfirvalda mun almenningur því væntanlega leggja traust sitt á þessa tækni. Mikilvægt er því að kröfur til þjónustustigs þessu tengt sé vel skilgreint og ábyrgð sé ljós.

3.2. Spurning: Telja hagsmunaaðilar rétt að framkvæmd sé heildstæð úttekt á ofantöldum eða öðrum tengdum atriðum?

Vegagerðin: Heildstæð úttekt sem innihéldi m.a. áhættumat tengt notkun farneta í öryggisskyni verður að teljast mikilvægur þáttur í skipulagi fjarskiptainnviða.

4. Ákvæði núverandi fjarskiptalaga um samstarf og samnýtingu

4.2. Spurning: (a) Í ljósi þess að lítið hefur reynt á atbeina PFS varðandi aðgang að aðstöðu, samanber kafla 4.1.1. mætti e.t.v draga þá ályktun að lagaákvæðið sé fullnægjandi og aðilar nái samkomulagi á grundvelli þess. Telja hagsmunaaðilar þetta rétta ályktun? (b) Er sennilegt að það muni breytast í framtíðinni í ljósi uppbyggingar 5G?

Vegagerðin: Eins og kemur fram í samráðsskjalinu þá hefur markaðsstaða og forsaga Mílu væntanlega skapað töluverða ró á þessu sviði. Færa má rök fyrir að þessi staða breytist eftir því sem lengra líður

frá einkavæðingu fjarskiptareksturs. Ný tækni mun hafa í för með sér breyttar/auknar þarfir auk þess sem eitthvað af eldri innviðum fyrnist á einn eða annan hátt.

5. Heimild til samstarfs og samnýtingar

5.1. Spurning: *Telja hagsmunaaðilar að samstarf gæti verið aðlaðandi kostur við uppbyggingu fjarskiptainnviða í framtíðinni?*

Vegagerðin: Vegagerðin telur mikilvægt að samstarf milli aðila sé til staðar a.m.k. þegar kemur að nýtingu umferðarmannvirkja við uppbyggingu fjarskiptainnviða.

5.2. Spurning: *Hvaða hindranir sjá aðilar aðallega í vegi þess að ráðast í slíkt samstarf, (i) hvað varðar regluverkið og (ii) hvað varðar aðra þætti?*

Vegagerðin: Ef nýta á veghelgunarsæði fyrir langir að einhverju marki þarf að tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila strax á hönnunarstigi. Skýr kostnaðarskipting þarf að liggja fyrir vegna framkvæmda og reksturs auk þess sem ákvæði sem tryggja eðlilega kostnaðarskiptingu komi til breytinga eða lagfæringa á seinni stigum.

6. Stefnumótun hins opinbera um samnýtingu

6.1. Spurning: *Telja hagsmunaaðilar að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, eigi að setja sér stefnu um samnýtingu og aðgang að aðstöðu í opinberri eigu til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum?*

Vegagerðin: Líklegt má telja að slík stefna auðveldi samstarf aðila á þessu sviði.

6.2. Spurning: *Til hvaða þátta ætti slík stefna að taka t.d. opinberra mannvirkja, hafna, flugvalla, vegakerfisins o.s.frv. og eru sérstök sjónarmið sem hafa ber í huga hvað varðar einhverja af þessum tilteknu þáttum?*

Vegagerðin: Vegagerðin telur mikilvægt að slík stefna nái til allra samgöngumannvirkja, jafnt í eigu opinberra aðila sem einkaaðila.

6.3. Spurning: *Hvaða þættir gætu stuðlað að uppbyggingu 5G farneta?*

Vegagerðin: Gott aðgengi að aðstöðu, lagnaleiðum, rafmagni o.fl. auk samvinnu við innviðauppbbyggingu getur stuðlað að örari uppbyggingu.

7. Ný löggjöf um hagkvæma uppbyggingu innviða

7.2. Spurning: *Hvaða efnislegu grunnvirki telja hagsmunaaðilar muni helst hjálpa til við að efla útbreiðslu háhraðaneta (bæði fastaneta og 5G)?*

Vegagerðin: Vegagerðin á og rekur fjölda mastra sem gætu nýst við uppbyggingu dreifikerfis. Jafnframt er aðgengi að mannvirkjum Vegagerðarinnar í mörgum tilfellum hagkvæm leið til að stytta lagnaleiðir. Skoða þarf sérstaklega aðgengi að veghelgunarsvæðum, bæði vegna öryggismála og kostnaðar.

8. Nýtt Evrópuregluverk í fjarskiptum

8.7. Spurning: *Hvort telja umsagnaraðilar að þjónustusamkeppni eða innviðasamkeppni þjóni íslenskum fjarskiptamarkaði betur? Á það við alls staðar á landinu og um allar tegundir neta? Hvora tegundina, að mati hagsmunaaðila, ættu íslensk stjórnvöld að leggja áherslu á við innleiðingu Kóðans?.*

Vegagerðin: Líklegt má telja að þjónustusamkeppni tryggi betur gæði og hagkvæmni innviða

Virðingarfyllst,

Marteinn Sverrisson

Forstöðumaður upplýsingatækni og skjalastjórnunar